

**Nd.**

**389. Nefndarálit**

[146. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið felur það í sér að lögfesta í tékkalögum refsíakvæði við tékkamisferli. Tilgangurinn er að sporna við misnotkun tékka og auðvelda dómstólum að koma lögum yfir þá sem brotlegir gerast með því að gefa út innstæðulausa tékka.

Sérstök nefnd á vegum banka og ráðuneyta hefur gert tillögur um breytta og bættu skipan tékkaviðskipta, og er þetta frumvarp liður í þeirri viðleitni að draga úr misnotkun tékka.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 15. mars 1977.

Ellert B. Schram,  
form., frsm.

Páll Pétursson.

Gunnlaugur Finnsson,  
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Svava Jakobsdóttir.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingólfur Jónsson.